



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 9. Apríl 2024

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 21:35

**Fundinn sátu:** Markús Elvar Pétursson, Gabríel Arthúr Pétursson, Freydís Björnsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Pura Z Þórðardóttir og Rán Pétursdóttir.

Funargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir

- Fundargerðir frá 13. Mars samþykkt.

#### 2. Aðstöðumál

- Eftir fund Markúsar við Lúðvik hafnarstjóra er komið í ljós að við munum vera áfram á sama stað en lóð og port Þyts veður stærri en hún er núna. Skipulagið eins og það er núna á ennþá eftir að fara í deiliskipulagskynningu sem verður eftir 2 mánuði. Markús mun kalla saman aðstöðunefnd og fara yfir skipulagið eins og það er núna. Enn á eftir að fara í tæknilega hönnun á rampinum fyrir utan aðstöðu Þyts út í sjó.

#### 3. Staða 6. Bekkja heimsóknna

- Vinna við undirbúning og haft verður samband við alla skólana í þessari viku. Rán tekur þetta verkefni að sér eins og í fyrra.
- Eftir 6. Bekkja heimsóknirar er mikilvægt að skila skýrslu til Hafnarfjarðarbæjar um 6. Bekkja heimsóknirnar.

#### 4. Þjálfaranámskeið

- 25., 26. Og 27. Apríl verður þjálfaranámskeið og það eru 10 iðkendur sem hægt væri að senda á námskeiðið. Stjórn samþykkir að greiða fyrir þá iðkendur.

#### 5. Staða sumarnámskeiða

- Mönnun fyrir sumarnámskeið gengur ágætlega og margir góðir fyrri starfsmenn hafa verið í sambandi við Markús varðandi vinnu og hluti þeirra eru 18 ára og því gjaldgeng á gæslubát.
- Búið er að koma öllum námskeiðunum upp í Sportabler en það þarf að auglýsa þau. Rán og Freydís halda utan um það verkefni.
- Launakostnaður þjálfaranna verður greiddur til Þyts og við munum greiða þeim verktakalaun alveg eins og gert verður fyrir þjálfun á æfingum og í 6. bekkjaheimsóknnum.

#### 6. Siglingapartýið

- Siglingapartýið - Þórhallur er búinn að redda hamborgunum í gegnum Helgu Veroniku og Aðalbjörn og fær Þytur hamborgarana að gjöf.
- Pura skoðar tilboð í grill en gamla grillið er úrsérgengið og stjórn sammælist um að kaupa þarf grill fyrir starfsemi Þyts.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

### 7. Fundurinn með foreldrum og iðkendum

- a. Marskús greindi frá fundinum við iðkendur og foreldra. Foreldrar og börn jákvæð og umræður góðar.
- b. Breyttur æfingátími samþykktur á fundi.

### 8. Kjölbátanámskeið

- a. Fyrsta kjölbátanámskeiðið verður mánudaginn eftir 30. Apríl en þetta eru námskeið sem ekki náði að klára fyrir covid. Stefnt er á að halda þetta námskeið út sumarið og samþykkt að helmingurinn sem greiddur er fyrir námskeið eru greidd til þjálfara og Þytur heldur eftir helming.
- b. Námskeiðin sem um ræðir eru; Hæfur háseti og undirbúningur fyrir verklega prófið.

### 9. Skil til ÍSÍ

- a. Frestað til næsta fundar þar sem Helga er með málið á sinni könnu.

### 10. Rukkun fjölskyldugjaldsins

- a. Frestað til næsta fundar þar sem Helga er með málið á sinni könnu.

### 11. Sumardagsskráin

- a. Er tilbúinn og samþykkt og panta þarf þrjú brotin

### 12. Kynningarefni

- a. Freydís og Rán kynna stöðuna á því og tilboðin sem okkur hafa borist 2 tilboð í vefsíðunni.

### 13. Kappar í kringum glugga

- a. Jón Rafn metur kostnaðinn við að setja kapp á glugga í sal og upp í turn er 200.000,- og hann gefur vinnu sína í þágu klúbbsins. Stjórn samþykkir þessa kostnaðaráætlun.

### 14. Aðstaða fyrir þjálfara

- a. Helga er að kanna með góðan svefnsófa fyrir rýmið. Kári pípari er búinn að koma og taka niður efni og Markús hefur samband við hann á morgun en hann ætlar að leggja lagnirnar og við setjum ofnin á.

### 15. Önnur mál

- a. Taka þarf til fyrir opna húsið og klára verkefni (t.d. háþrýsti þvo ramp o.s.frv.)
- b. Þura fékk tilboð í að prenta mynd á álplötur frá Samskipti og verðið er 35.000,- en ætlar að fá fleiri tilboð til að bera saman.